

Formáli ritstjóra

Þá er komið að seinna heftinu á þessu afmælisári, en í ár eru liðin þrjátíu ár frá því að fyrsta hefti *Ritradarinnar* kom út. Stærsta breytingin í útgáfu ritsins var þegar hætt var að gefa það út í prentuðu formi og farið að gefa það út sem vefrit í opnum aðgangi á vormánuðum 2014. Fyrir vikið er ritið ekki lengur aðeins aðgengilegt tiltölulega fámennum áskrifendahópi heldur öllum sem vilja og geta nálgast það í rafrænu formi. Í nokkur ár hafa prentuð tölu- blöð sem komu út frá 1988 til 2013 einnig verið aðgengileg á netinu á *timarit.is*. Það er mikill fengur að því að nú skuli allt það efni sem birst hefur í þeim 46 heftum sem fram að þessu hafa verið gefin út vera opið öllum sem áhuga hafa að nýta sér það. Þá hafa ritstjóraskipti orðið frá útgáfu síðasta heftis *Ritradarinnar* og vil ég nota tækifærið og þakka fráfarandi ritstjóra, Rúnari Má Þorsteinssyni, sem hefur verið við stjórn síðustu fjögur árin, eða allan þann tíma sem ritið hefur komið út á rafrænu formi, vel unnin störf.

Eins og jafnan áður er efni þessa heftis fjölbreytt og höfundar bæði úr hópi kennara í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og fræðimanna sem fjalla um viðfangsefni sem tengjast guðfræðinni á einn eða annan hátt frá sjónarhorni sinna fræðigreina. Fimm fræðilegar greinar eru í heftinu að þessu sinni, auk ritdóms um merkilega bók sem gefin var út um þýðingu á Esterarbók, einni af ritum Gamla testamentisins, á íslenska tungu. Höfundur þessarar bókar, sem ber heitið *Esterarbók: Þýðing og fræðilegar forsendur*, er Jón Rúnar Gunnarsson (1940-2013), en hann var einn af þeim fræðimönnum sem unnu að nýju Biblíuþýðingunni sem kom út árið 2007. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor í gamlategamentisfræðum, sem sat í þýðingarnefnd Gamla testamentisins, er höfundur ritdómsins.

Arngrímur Vídalín, sem árið 2017 varði doktorsritgerð sína í íslenskum bókmenntum fyrri alda frá Háskóla Íslands, er höfundar greinarinnar „Móðurleg ímyndun: Frá Jakobi og Laban, um forvitnilega sögu um Hippókrates í Stjórn I, að lækningabókum endurreisnar-tímans“. Í greininni rekur Arngrímur sögu hugmyndarinnar um „móðurlega ímyndun“ (e. *maternal imagination*), sem m.a. er að finna í íslenska biblíuritinu Stjórn I frá síðmiðöldum, og greinir hana út frá áhrifum á íslenska menningu.

Trúarhugmyndir íslenska nóbelskálsins eru viðfangsefni greinar Björns Þórs Vilhjálms-sonar, lektors við Íslensku- og menningardeild og greinarformanns í kvikmyndafræði, sem ber heitið „... við verðum líka að spara prestana!“ Um trúarhugmyndir Halldórs Laxness og tæknihyggju á þriðja áratugnum“. Í greininni fjallar Björn Þór um afstöðu skáldsins til þjóðkirkjunnar og lúthersks siðar, sem hinn nýskírði meðlimur rómversk-kaþólskrar kirkju hafði ekki mikið álit á, sem og afstöðu Halldórs til nýtilkominna ljósvakamiðla og mögulegs áhrifamáttar þeirra.

Í greininni „Köllun Móse þá og nú: Frásögnin í 2. Mósebók og málverk Einars Hákonar-sonar“ fjallar Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor í gamlategamentisfræðum, um einn áhrifa- mesta texta 2. Mósebókar, um köllun Móse og opinberun Jahve, og túlkun Einars Hákonar-sonar listmálara á þessum texta í málverkinu Opinberun við Helgafell. Gunnlaugur vinnur rannsókn sína innan fræðasviðs áhrifasögu Gamla testamentisins og er niðurstaða hans sú að listamaðurinn sé trúr hinni fornu frásögn en notfæri sér einnig frelsi listamannsins til að

túlka hana út frá íslenskum aðstæðum, m.a. til að kynna Sigurbjörn Einarsson biskup sem hinn íslenska Móse.

Hjalti Hugason skrifar grein um aðskilnað ríkis og kirkju og upphaf almennrar umræðu um þetta stóra deilumál í kjölfar nýrrar stjórnarskrár með ákvæði um þjóðkirkju og almennt trúfrelsi á árunum 1878 til 1915. Í greininni færir Hjalti rök fyrir því að tvær ólíkar stefnur hafi komið fram á árunum í kringum 1880, annars vegar aðskilnaðarleiðin og hins vegar löggjafarleiðin, og hafi sú síðarnefnda náð að festast í sessi á fyrsta áratug 20. aldar og verið fylgt í íslenskum trúmálarétti fram til dagsins í dag. Þetta er fyrri greinin af tveimur en í hinni síðari verður fjallað um ýmsa afmarkaða þætti í aðskilnaðarumræðunni og þau kaflaskipti sem urðu með stjórnarskrárbreytingum sem gerðar voru vegna gagnrýni aðskilnaðarsinna.

Höfundur síðustu greinarinnar er Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði, sem fjallar um loftslagsmál, en greinin ber yfirskriftina „Hvernig á ég að breyta og hvers má ég vona? Um von og vonleysi í guðfræðilegri og siðfræðilegri orðræðu um loftslagsbreytingar“. Í greininni er fjallað um stöðuna í loftslagsmálum og spár vísindamanna, sem síðustu áratugi hafa keppt við að spá fyrir um afleiðingar loftslagsbreytinga og hefur oftast en ekki verið mætt með sinnuleysi, bæði af stjórnáráðgjafum og almenningsi. Sólveig Anna leggur áherslu á að samkvæmt nýjustu skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna frá því í október 2018 sé tíminn til að hefjast handa við að vinna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum senn úti og því ekkert annað í stöðunni en að grípa til hnitmiðaðra, rötækra og tafarlausra aðgerða strax. Í síðari hluta greinarinnar bendir hún á framlag nokkurra vistguðfræðinga samtímans sem fjallað hafa um afleiðingar loftslagsbreytinga og spyr hvort boðskapur þeirra geti falið í sér von og þá hvaða merking sé lögð í vonarhugtakið í því samhengi.

Það er ljóst að í heftinu er að finna fróðlegt og áhugavert efni af ýmsum toga sem vonandi sem flestir geta lesið sér til gagns og gamans.

Arnfríður Guðmundsdóttir